



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

DAGSETNING

3. mars 1990

TILVÍSUN

Til: Fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis
Frá: Fjármálaráðuneyti *MK*

Alþingi

Erindi nr. P 1131786

komudagur 4/3 1991

Efni: Frumvarp til laga um Héraðsskóga.

Fjármálaráðuneytinu hefur borist beiðni um mat á því hvort frumvarpið, verði það samþykkt óbreytt, kveði á um að sett verði á laggimar ný ríkisstofnun sem hafi umsjón með skógræktarverkefni um ræktun nytjaskólga á jörðum á Fljótshéraði.

Á árinu 1989 ákvað ríkisstjórnin að hrinda í framkvæmd stóratáki í ræktun nytjaskóga á Fljótshéraði síðan hafa verið veitt fjárframlög til þessa verkefnis.

Skv. lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, eru ríkisfyrirtæki í B-hluta ríkisaðilar, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu eða hafa starfsemi með höndum, sem í meginatriðum er hliðstæð við starfsemi einkaaðila.

Ekki er til í lögum skilgreining á því hvað sé ríkisstofnun. Ein skilgreining á ríkisstofnun, tengd bókhaldi og sú sem oft er miðað við er; stofnun er rekstrareining sem hefur yfir sér stjórn eða forstöðumann og hefur sjálfstæðan fjárhag.

Að mati ráðuneytisins bera ákvæði frumvarpsins er lúta að skipulagi og stjórn verkefnisins einkenni þess að stofnuð verði ný ríkisstofnun. Ekki er gert ráð fyrir að verkefnið standi undir kostnaði við starfsemi sína. Verkefnið skal hafa yfir sér stjórn og hafa sjálfstæðan fjárhag sem eru forsendur þess að um ríkisstofnun geti verið að ræða. Auk þess skal ríkissjóður greiða laun fastra starfsmanna sem bendir til þess að um ríkisstarfsmenn verði að ræða.

Þessu til stuðnings má nefna eftirfarandi ákvæði frumvarpsins:

2. gr. Landbúnaðarráðherra skal skipa þriggja manna stjórn Héraðsskóga til tveggja ára í senn. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Héraðsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjórna og setur honum erindisbréf.
4. gr. Ríkissjóður greiðir undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna.

Afrit: Fjármálaráðherra